	Seltjarnarnesbær Bæjarskrifstofur
Byrn:	253.52
Mótt:	29/1 2017
Málsnr:	2016.12 0049

## Samstarfssamningur Seltjarnarnesbæjar og Íþróttafélagsins Gróttu

Seltjarnarnesbær kt. 5602669-2429 og Íþróttafélagið Gróttu kt. 700371-0779, gera með sér svohljóðandi samstarfssamning:

### 1. grein

#### Tilgangur og markmið

Meginmarkmið samningsaðila er að tryggja öflugt og fjölbreytt íþróttastarf á Seltjarnarnesi.

Gróttu skal hafa það að markmiði að bjóða börnum og unglingum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn menntaðra og hæfra leiðbeinanda þar sem forvarnargildi íþróttar er haft að leiðarljósi. Einnig að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það nái sem bestum árangri.

Seltjarnarnesbær mun hafa það að markmiði að efla aðstöðu og treysta rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með beinum fjárframlögum og samningi um rekstur íþróttamannvirkja.

### 2. grein

#### Framlög Seltjarnarnesbæjar

Seltjarnarnesbær skal greiða Gróttu árleg fjárframlög. Tilmæli Seltjarnarnesbæjar er að Gróttu ráðstafi fjárframlaginu eftirfarandi til starfsemi félagsins:

#### **Aðalstjórn kr. 26.204.340,-**

Framlaginu er ætlað að veita deildum félagsins faglega yfirstjórn og þjónustu aðalstjórnar, samhliða því að tryggja að fjárhagslegt utanumhald sé til fyrirmyndar.

Framlaginu skal einnig varið til daglegs reksturs skrifstofu Gróttu, launakostnaðar framkvæmdastjóra og íþróttastjóra félagsins ásamt úthlutun ferðastyrkja í samræmi við úthlutunarreglur félagsins.

Aðalstjórn Gróttu hefur heimild til að breyta fjárframlögum til deilda samkvæmt rekstraráætlunum hvers árs. Það skal gert í samráði við Íþrótt- og tómstundanefnd Seltjarnarness.

#### **Fimleikar kr. 10.084.000,-**

Framlaginu skal verja til barna- og unglingastarfs félagsins auk meistarahópa og stuðla skal að því að iðkendur eigi án tillits til efnahags og kynferðis jafna möguleika á þátttöku í íþróttastarfi deildarinnar.

#### **Handknattleikur meistaraflokka kr. 10.426.000,-**

Framlaginu skal verja til að styðja við rekstur meistaraflokka deildarinnar og stuðla þannig að meistaraflokkar karla og kvenna keppi meðal þeirra bestu.

#### **Handknattleikur barna- og unglingastarf kr. 5.743.000,-**

Framlaginu skal verja til eflingar á barna og unglingastarfi og stuðla þannig að því að börn og ungmenni eigi án tillits til efnahags og kynferðis, jafna möguleika á þátttöku í íþróttastarfi deildarinnar.



**Knattspyrna meistaraflokkur karla kr. 5.213.000,-**

Framlaginu skal verja til að styðja við rekstur meistaraflokks karla í knattspyrnu og stuðla þannig að því að flokkurinn keppi meðal þeirra bestu.

**Knattspyrna barna- og unglíngastarf kr. 5.743.000,-**

Framlaginu skal verja til eflingar á barna og unglíngastarfi og stuðla þannig að því að börn og ungmenni eigi án tillits til efnahags og kynferðis, jafna möguleika á þátttöku í íþróttastarfi deildarinnar.

**3. grein**

**Samskipti samningsaðila**

Aðalstjórn Gróttu annast samræmingu á starfsemi deilda félagsins og tryggir að einstakar deildir beini til aðalstjórnar erindum sínum sem stjórn metur og ber eftir atvikum upp við Íþróttá- og tómsbundanefnd Seltjarnarnesbæjar.

Íþróttá- og tómsbundanefnd Seltjarnarnesbæjar kemur fram fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar varðandi nánari framkvæmd samnings þessa.

Íþróttafulltrúi Seltjarnarnesbæjar annast dagleg samskipti við Gróttu varðandi framkvæmd samningsins.

Framkvæmdastjóri Gróttu kemur fram fyrir hönd Gróttu varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samningsins.

**4. grein**

**Ábyrgð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu**

Framkvæmdastjóri félagsins, í umboði aðalstjórnar, skal bera ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggja að bókhald sé reglulega og réttilega fært.

Allir styrkir og framlög Seltjarnarnesbæjar greiðast til aðalstjórnar og annast framkvæmdastjóri frekari ráðstöfun greiðslna í samræmi við samþykktu rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins.

Aðalstjórn Gróttu ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að skuldbindingar deilda innan félagsins séu í samræmi við skráðar áætlanir og samþykktir aðalstjórnar. Aðrar skuldbindingar sem einstakar deildir kunna að gera án skriflegrar heimildar eða samþykktar aðalstjórnar, eru á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna. Aðalstjórn ber ábyrgð á því að kynna formönnum deilda þessa þætti.

Aðalstjórn Gróttu ber ábyrgð á að félagið og allar deildir félagsins séu fyrirmyndarfélög ÍSÍ og starfi samkvæmt þeim markmiðum sem um slík félög gilda.

**5. grein**

**Upplýsingaskylda Íþróttafélagsins Gróttu**

Aðalstjórn Gróttu ber ábyrgð á rekstri félagsins og skuldbindur sig til að leggja fram gögn um fjárhagsleg málefni félagsins hverju sinni sem eftir því er leitað að hálfu Seltjarnarnesbæjar.

Aðalstjórn Gróttu skal leggja fram rekstrar-, starfs- og fjárhagsáætlun aðalstjórnar sem nær til allra deilda félagsins fyrir hvert starfsár eigi síðar en 15. október vegna næstkomandi starfsárs. Í áætlununum skal aðgreina rekstur barna- og unglíngastarfs, almennan rekstur og rekstur meistaraflokka. Getur Seltjarnarnesbær einhliða ákveðið að stöðva greiðslur skv. 2.gr. liggi ekki fjárhagsáætlun deilda fyrir innan ofangreinds tímaramma.

Aðalstjórn skal jafnframt leggja fram áætlun um breytingar á æfingagjöldum og þróun á iðkenda fjölda niður á deildir fyrir 15. október vegna næstkomandi starfsárs.

Aðalstjórn Gróttu skal leggja fram endurskoðað ársuppgjör 1 mars og hálfársuppgjör 1. september ár hvert. Getur Seltjarnarnesbær einhliða ákveðið að stöðva greiðslur skv. 2.gr. liggi uppgjör ekki fyrir innan þessara dagsetninga. Í uppgjörum skulu koma fram upplýsingar um stöðu ársins, rekstraráætlun ársins m.v. fyrra ár.

Upplýsingar um ráðstöfun framlaga Seltjarnarnesbæjar til einstakra deilda í samræmi við samþykkt aðalstjórnar sbr.4. grein, skulu ávallt liggja fyrir samhliða árshlutauppgjöri.

## 6. grein

### Sumarnámskeið á vegum Íþróttafélagsins Gróttu

Seltjarnarnesbær skuldbindur sig til að veita Gróttu aðgang að ungmennum í unglingavinnu og vinnuskóla, án greiðslu, vegna sumarnámskeiða félagsins. Þetta samkomulag gildir meðan á sumarátakinu stendur hjá bænum.

## 7. grein

### Endurskoðunarákveði og gildistími

Samningurinn gildir frá 1.janúar 2017 til 31.desember 2019 og fellur þá úr gildi án uppsagnar. Samningsaðilar munu endurskoða samninginn fyrir 1. júní ár hvert og meta gæði hans. Fyrir 1. júní 2019 skulu samningsaðilar endurskoða samninginn með það að markmiði að nýr samningur taki gildi í upphafi árs 2020.

Seltjarnarnesi, 26. janúar 2017.


f.h. Seltjarnarnesbæjar



Ásgerður Halldórsdóttir  
Bæjarstjóri




f.h. Íþróttafélagsins Gróttu,



Elín Smáradóttir  
Formaður Gróttu

Vottar að undirskrift:



Magnús Örn Guðmundsson

Vottar að undirskrift:



Kári Garðarsson